

**Nð.**

**47. Framvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 5, 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Flutningsmenn: Pjetur Ottesen og Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

5. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920, skal orða svo:

Nú verður skipstjóri sekur um brot gegn 1. gr., og missir hann þá við fyrsta brot rjett sinn til skipstjórnar á fiskiskipi nóm eitt ár. Ef hann ítrekar brotið, skal hann sviptur sama rjetti um tvö ár. Verði hann brotlegur í þriðja skifti, skal hann hafa fyrirgert æfilangt rjetti til að vera skipstjóri á fiskiskipi.

Skipstjóri, er gerir sig sekan um itrekað brot gegn 1. gr., skal enn fremur, auk refsingar þeirrar, sem getur um í 3. gr., sæta fangelsi, ekki væg-  
ara en 2 mánaða einföldu fangelsi. Auk þess má og endrarnær, þegar miklar  
sakir eru, láta skipstjóra sæta fangelsi fyrir brot gegn 1. gr., auk sektarheg-  
ningar þeirrar, sem ákveðin er í 3. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, en fjell þá í neðri deild með  
litlum atkvæðamun. Er það nú flutt aftur með þeirri breytingu, að rjettinda-  
missir brotlegra skipstjóra taki að eins til skipstjórnar á fiskiskipum.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar í Alþt. 1924, A. bls. 329, þskj.  
144, og umræðna á síðasta þingi (Alþt. 1924, C. 499—564).